



**Kennari/ar:** Ragnheiður Eiríksdóttir

**Skammstöfun:**RE

## ÁFANGALÝSING

Áfanganum er ætlað að dýpka og skerpa heimspékilegu hugsun nemenda og þekkingu. Í því sambandi verður tekist á við texta eftir áhrifamikla heimspékinga fyrri tíma sem og nútímans. Í fyrri áföngum var aðallega fjallað um heimspékina en í þessum áfanga er áherslan meira á að skoða sjálfa heimspékina, þ.e. skrif heimspékanna sjálfra. Annars vegar velur kennari styttri ritgerðir, greinar og textabrot í samráði við nemendur en hinsvegar velja nemendur efni eða heimspékinga sem þeir hafa áhuga á að kynna sér betur sjálfir og skila lokaverkefni um.

### Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Völdum heimspékningum og heimspékikenningum, að þeir dýpki heimspékilegu þekkingu sína.
- Mikilvægi sjálfstæðrar, gagnrýnnar hugsunar.
- Heimspékilegum samræðum.
- Heimspékilegum viðhorfum til leitar mannsins að tilgangi í lífinu.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Lesa heimspékilega frumtexta og ígrunda þá.
- Beita sjálfstæðri, gagnrýnni hugsun við mat á heimspeki.
- Meta eigin rök og annarra.
- Tjá sig munnlega um heimspeki og hlusta á aðra.
- Tjá sig skriflega um heimspeki.
- Koma auga á og greina heimspékilegt inntak kvikmynda

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika.
- Leita tilgangs með lífi sínu og auka þar með hamingju sína.
- Geta beitt sjálfstæðri, gagnrýnni hugsun á markvissari hátt á ólíkum sviðum lífsins
- Geta borið saman ólíkar skoðanir og rök til að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- Geta tileinkað sér nýja þekkingu á markvissari hátt af opnum hug, aukin víðsýni.
- Geta miðlað torskildum fróðleik á skýran hátt
- Skilja betur heiminn og samfélagi sem hann býr í
- Beita heimspékilegum hugmyndum til þess að leysa úr siðferðislegum vandamálum.

### Námsefni:

- Bókin *Leitin að tilgangi lífsins* eftir Viktor Frankl.
- Lesefni og verkefni sem dreift verður á Moodle.
- Kvikmyndin *La Vita é Bella* og heimildamyndirnar *Before the flood*, *I am Nietzsche on Hardship*, *Genius of the Modern World – Friedrich Nietzsche* og *Auswitch*

### Áætlun um yfirferð:

- *Hvað er haldbær menntun?* -grein eftir Ólaf Pál Jónsson.
- Heimildamyndin *Before the Flood*.
- Kynning á heimspékiriti af eigin vali.
- Friedrich Nietzsche – kennari dreifir lesefni og horfum á heimildamyndirnar *Nietzsche On Hardship* og *Genius of the Modern World – Friedrich Nietzsche*.
- *Leitin að tilgangi lífsins* eftir Viktor Frankl.
- Annað efni valið í samráði við nemendur.

Námsmat og sérreglur áfangans:

**Lesdagbók: 40%**

**Verkefni: 30%**

**Lokaverkefni: 20%**

**Virkni í tímum: 10%**

**Nemendur sem eru 20 ára og eldri og þeir sem eru með opið vottorð verða að gera formlegt samkomulag við kennara um mætingu og verkefnaskil.**

**Kennsluáætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.**

**Janúar 2017  
Ragnheiður Eiríksdóttir**